

24.6.2009

Alþingi  
Erindi nr. P 137/375  
komudagur 24.6.2009

Efnahags- og skattanefnd.

118. mál

Persónuvernd vísar til tölvubréfs efnahags- og skattanefndar Alþingis frá 19. júní 2009 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Persónuvernd hefur með höndum eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í 8. og 9. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um viðbætur við 94. og 96. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt sem varða úrræði skattyfirvalda og afleiðingar þess þegar ekki er orðið við skyldu til að veita þeim gögn í þágu eftirlits, en í slíkum gögnum geta verið persónuupplýsingar. Ekki er hins vegar um að ræða auknar heimildir til vinnslu persónuupplýsinga. Þá er ekki í þessum ákvæðum, né öðrum ákvæðum frumvarpsins, með beinum hætti fjallað um slíka vinnslu. Telur Persónuvernd ekki tilefni til athugasemda við efni frumvarpsins.

Virðingarfylst  
f.h. forstjóra Persónuverndar

Þórður Sveinsson